



Reykjavík, 27. nóvember 2024

MSS24110028

Umsögn

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2025

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísað er til bréfs Samtaka Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 6. nóvember 2024, vegna tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna.

Fram kemur að á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem haldinn var þann 1. nóvember sl., hafi verið fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og hún lögð fram til samþykktar.

Stjórn SSH lagði til við aðalfund að árgjald aðildarsveitarfélaga til samtakanna verði 170 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2025 og hækki úr 164 kr. á hvern íbúa frá fyrra ári miðað við áætlaða verðlagsbreytingu 3,9%. Var tillagan samþykkt. Tillagan er afgreidd af aðildarsveitarfélögum með samþykkt fjárhagsáætlunar.

Sá kostnaður sem fellur á Reykjavíkurborg miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. september 2024 og er 56,31% eða sem nemur 24.787.020 fyrir árið 2025 miðað við framlagða áætlun. Fyrir árið 2024 var gjaldið 23.514.812. Mismunurinn milli ára er 1.272.208.

Virðingarfyllt,

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs